Litluhlíð þ. 24. Marts 1886

Heidursverdi herra Sýslumadur
og Elskulegi ættbródir

Þad er mikil ofdyrfska sem kjemur manni stundum til ad láta í ljósi hugsanir sínar og margur verdur sjer til minkunar fyrir þad, og svo verdur fyrir mjer í þettad sinn. Svoleidis stendur nú á fyrir þessari konu sem er svo fífldjörf ad fara ad skrifa ydur sjer ókjendum ad öllu leiti nema nafninu og ættinni. Eg er dóttir Eggerts födurbródur ydar og var hjá honum þar til ad eg giftist fátækum manni; og eg af fátækum foreldrum komin, vid erum búin ad vera saman í 9 ár og búin ad eiga 7 börn og eru 4. af þeim dáin en 3 drengir lifa sem heita Eggert og Halldór Georg og Jón

en nú lítur ekki út ~~fyrir~~ annað en að við þurfum mannaveið og þikir mjer heldur leiðinlegt að drengurinn með Halldórs nafninu skuli þurfa að hrekjast manna á milli það er einmitt sama nafn og yðar þar er líka nóg efni í mann bæði til sálar og líkama eptir því sem útlítur fyrir nú en aldurinn er ekki hár hann er á öðru árinu tveggja ára 3ja júlí í sumar

Eg skammast mín að opinbera yður hugsan mína en eg gjet ekki slitið það úr mjer að mjer verði það að góðu, Og er það þá fljótt frá að segja að það er mín ýmileg bón til yðar að biðja yður að taka hann af mjer ef ástæður yðar leifa Eg óska þess af heilum hug að sá sami andi sem hvíslaði mjer í eyra að biðja yður þessarar bónar, fylgdi þessum miða til þess að hvísla að yður að veita mjer hana Þó að eg verði aldrei sá maður að gjeta endurgoldið slíkann velgjörning þá vona eg að sá sem sagði: það sem þjer gjörðuð einum af mínum minnstu bræðrum það hafið þjer

mjer gjört að hann launaði yður það annaðhvert þessa heims eða annars. Það væri ekki að furða þó að þjer hneiksluðust á þessari ofdyrfsku minni og gjæfuð mjer stein fyrir brauð

Eg klóra þettað með minni eigin hendi án allra vitundar nema mannsins míns og eg vona að þjer fyrirlítið ekki svo yðar auðvirðilegustu attsystir að þjer skrifið mjer ekki fáeinar línur það fyrsta aptur svo eg sje ekki í efa um hvert þettað hefur komið til skila eða ekki.

Guð blessi yður og yðar hús og veiti yður sína liðveitslu í yðar embættisskyldu

yðar einlæg attsystir

Margrjet Ingibjörg Eggertsdóttir

P. S.

Utaná skrift til mín

að Litluhlíð í Víðidal
í Húnavatnssýslu